



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi  
Erindi nr. þ 139/1781  
komudagur 23.3.2011

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 18. mars 2011.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um innlenda framleiðslu innrennslisvökva til notkunar í lækningaskyni, 294. mál, þingmannatillaga.

Stjórn Læknafélags Íslands (LÍ) þakkar fyrir að hafa fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um innlenda framleiðslu innrennslisvökva til notkunar í lækningaskyni, 294. mál á 139. löggjafarþingi, sbr. tölvubréf nefndasviðs Alþingis dags. 28. febrúar sl.

Í tillögunni felst að heilbrigðisráðherra, nú velferðarráðherra, láti kanna hagkvæmni þess að hefja hér á landi að nýju framleiðslu innrennslisvökva í lækningaskyni. Í greinargerð með tillögunni er vísað til skýrslu starfshóps Landspítala um efnið. Skýrslan er að vísu meira en fimm ára gömul og gengisfarsendur allt aðrar þá en nú. Engu að síður var niðurstaða skýrslunnar sú að það væri þjóðhagslega hagkvæmt að hefja á ný slíka framleiðslu hér á landi. Líklegt er því að gengisþróunin hafi gert innlenda framleiðslu enn hagkvæmari.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er þörf fyrir innrennslisvökva mikil og fer vaxandi. Allt bendir til að verulegar fjárhæðir í gjaldeyri muni sparast ef framleiðsla innrennslisvökva færðist til landsins, en henni var hætt árið 2002. Auk þess myndu skapast nokkur ný störf við framleiðsluna. Stofnkostnaður, sem yrði nokkur, myndi vinnast upp á fáeinum árum.

LÍ er fylgjandi því að þingsályktunartillagan verði samþykkt, þannig að fýsileiki þessa yrði kannaður frá öllum hliðum, öryggislegum, efnahagslegum og heilsufarslegum.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands

Birna Jónsdóttir,  
formaður